

145. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.
- *haldinn þann 09.02.2021 kl.16.30 í TEAMS.*

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Gils Einarsson, Magdalena Jónsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Laufey Ósk Magnúsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Starfsáætlun fyrir 2021

Starf Fræðslunetsins mun vera með nær óbreyttu sniði á árinu. Vinna með fyrirtækjum stöðvaðist að miklu leyti í Covid-19 ástandi árið 2020 og mun að öllum líkindum ekki fara af stað á næstunni.

2. Fræðsluframboð á vorönn 2021

Eyjólfur framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn námsframboð annarinnar. Fræðsluframboðið er fjölbreytt og þátttaka almennt góð.

3. Erindi frá Nýheimum þekkingarsetri

Framkvæmdastjóri kynnti erindið. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni stjórnar að funda með fulltrúa Nýheima.

4. Önnur mál

- A) Fréttir af starfinu. Framkvæmdastjóri flytur stutt fréttagrip og leggur fram minnisblað vegna þess.
- B) Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir viðbrögðum við áðursendu erindi til Birtu starfsendurhæfingar.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17.30

Laufey Ó. Magnúsdóttir ritaði fundargerð